

Deloitte.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum
um ársreikninga

Innleiðing á ársreikningatilskipun
Evrópusambandsins

Jón Rafn Ragnarsson, eigandi og endurskoðandi - 25.11.2015



Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

- Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun nú á haustþingi leggja fram frumvarp til breytingar á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.
- Meginbreytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta að einföldun fyrir lítil félög í landinu, að draga úr umsýslukostnaði minnstu félaganna og bæta viðskiptaumhverfi þeirra.
- Vinnuhópur á vegum ráðuneytisins sem samanstóð af fulltrúum frá ársreikningaskrá, Fjármálaeftirlitinu, FLE og Félagi bókhaldsstofa vann að breytingum sem fram koma í frumvarpinu.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Vinna hópsins byggðist á þremur megin þáttum:

1. Yfirferð regluverks með tilliti til einföldunar
2. Innleiðing á nýrri ársreikningatilskipun Evrópusambandsins nr. 2013/34/ESB
3. Ábendingum frá haghöfum

Endurskoðunarnefndir

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

- *Í þessu frumvarpi er ekki gerð breyting á IX. kafla A. Endurskoðunarnefnd, þar sem fyrir liggur að endurskoða þarf þann kafla í tengslum við vinnu sem hafin er við yfirferð á lögum um endurskoðendur og innleiðingu á tilskipun 2014/56/ESB og reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014 um endurskoðun tiltekinna félaga.*
 - *Starfstími endurskoðunarfyritækja*
 - *Svartur listi yfir aðra þjónustu endurskoðunarfyritækja*
 - *Mat endurskoðunarnefndar á ógnunum við óhæði*

Ný skilgreind stærðarmörk

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Stærðarmörk

- Stór félög
- Meðalstór félög
- Lítil félög
- Örfélög



Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk

- Örfélag
 - félag sem við uppgjörsdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:
 - i. niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20.000.000 kr.,
 - ii. hreinni veltu: 40.000.000 kr.,
 - iii. meðalfjölda ársverka á fjárhagsárinu: 3

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Stærðarmörk

- Lítið félag
 - félag sem við uppgjörsdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:
 - i. niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 600.000.000 kr.,
 - ii. hreinni veltu: 1.200.000.000 kr.,
 - iii. meðalfjölda ársverka á fjárhagsárinu: 50

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Stærðarmörk

- Meðalstórt félag
 - félag sem við uppgjörsdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:
 - i. niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 3.000.000.000 kr.,
 - ii. hreinni veltu: 6.000.000.000 kr.,
 - iii. meðalfjölda ársverka á fjárhagsárinu: 250

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk

- Stórt félag
 - félag sem við uppgjörsdag fer yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:
 - i. niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 3.000.000.000 kr.,
 - ii. hreinni veltu: 6.000.000.000 kr.,
 - iii. meðalfjölda ársverka á fjárhagsárinu: 250

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Stærðarmörk

- Stórt félag
- fara skal með fyrirtæki skv. 1. gr. sem er eining tengd almannahagsmunum sem stórt félag án tillits til hreinnar veltu, niðurstöðutölu efnahagsreiknings eða fjölda ársverka á fjárhagsárinu.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk - fjöldi

- Stór félög – um 90 félög (0,3%)
- Meðalstór félög – um 260 félög (1%)
- Lítil félög – um 4.850 félög (16,7%)
- Örfélög – um 23.800 félög (82%)

m.kr.	Örfélög	Lítil	Meðalstór	Stór
Hrein velta	<40	-1.200	-6.000	6.000+
Efnahagsreikningur	<20	-600	-3.000	3.000+
Fjöldi	Örfélög	Lítil	Meðalstór	Stór
Ársverk	<3	-50	-250	250+

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk - fjöldi

- Endurskoðunarskylda er óbreytt Þ.e. stærðarmörkin
- **96. gr.** Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur [eða endurskoðunarfyritæki],¹⁾ í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins.
- Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 96. gr. er félögum, sem eru undir tveimur af eftirfarandi stærðarmörkum tvö næstliðin reikningsár, ekki skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki, sbr. þó 3.–5. mgr., til að endurskoða ársreikninga sína:
 1. eignir nema 200.000.000 kr.,
 2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.,
 3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk - fjöldi

- Endurskoðunarskylda er óbreytt Þ.e. stærðarmörkin

Orðalagið uppfærist samt:

1. niðurstöðutala efnahagsreiknings: 200.000.000 kr.,
2. hrein velta: 400.000.000 kr.,
3. meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu: 50

- **Áréttað jafnframt:**

- Félög, sem flokkast sem einingar tengdar almannahagsmunum falla ekki undir 1. mgr.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk - fjöldi

- Endurskoðunarskylda er óbreytt Þ.e. stærðarmörkin

Orðalagið uppfærist samt:

1. niðurstöðutala efnahagsreiknings: 200.000.000 kr.,
2. hrein velta: 400.000.000 kr.,
3. meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu: 50

m.kr.	Örfélög	Endursk.	Lítill	Meðalstór	Stór
Hrein velta	<40	400+	-1.200	-6.000	6.000+
Efnahagsreikningur	<20	200+	-600	-3.000	3.000+
Fjöldi	Örfélög	Endursk.	Lítill	Meðalstór	Stór
Ársverk	<3	50+	-50	-250	250+

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Stærðarmörk - fjöldi

- Endurskoðunarskylda er óbreytt Þ.e. stærðarmörkin
- Hins vegar geta örfélög nýtt sér „hnappinn“ og þ.a.l. undanþegin skyldunni til að kjósa endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki eða skoðunarmenn.
- *Félög sem nýta sér heimild í 3. gr., til að skila rekstrarreikningi og efnahagsreikningi byggðum á skattframtali félagsins, eru undanþegin skyldunni til að kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki eða skoðunarmenn ársreikninga.*

Örfélög - hnappurinn

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Örfélög – Hnappurinn

- *Þessum félögum verður heimilt að skila einfaldri útgáfu af ársreikningi til ársreikningaskrár sem byggist á skattframtali félagsins. Forsvarsmenn félagsins geta, um leið og þeir skila skattframtali, valið að gefa samþykki sitt fyrir því að lykiltölur úr skattframtali félagsins verði sendar ársreikningaskrá sem fullgildur ársreikningur til birtingar.*
- *Slíkan ársreikning þarf hvorki að yfirfara af skoðunarmanni né endurskoða né heldur að láta fylgja með skýrslu stjórnar. Þetta einfaldar skil fyrir um 80% félaga á Íslandi og minnkar stjórnarsýslukostnað þessara félaga verulega.*
- Samkvæmt núgildandi lögum skulu ársreikningar allra félaga hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar og skal áritun endurskoðanda eða staðfesting skoðunarmanns fylgja reikningnum. Lagt er til að orðalag 2. mgr. verði breytt þannig að ársreikningur skuli að lágmarki hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Örfélög – Hnappurinn

- Enn fremur er lagt er til að nýjum málslíð verði bætt við 2. mgr. þar sem fram kemur að ársreikningur meðalstórra og stórra félaga skuli einnig hafa að geyma sjóðstreymisyfirlit til að taka af allan vafa um að þessum félögum beri að gera sjóðstreymisyfirlit.
- => Einungis meðalstór og stór félög þurfi að birta sjóðstreymisyfirlit.



Samandregnir ársreikningar

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Samandreginn ársreikningur

- Núverandi lagaákvæði:
- *Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu ársreiknings, sbr. 3. gr., ásamt áritun endurskoðenda [eða undirritun skoðunarmanna]¹⁾ og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.*
- **116. gr.** Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög, sem ...¹⁾ fara ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent ársreikningaskrá samandreginn rekstrarreikning samkvæmt nánari reglum sem [ráðherra]²⁾ setur:
 1. eignir nema samtals [862.500.000 kr.],¹⁾
 2. rekstrartekjur nema samtals [1.725.000.000 kr.],¹⁾
 3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.[Sömu stærðarmörk gilda um rekstrarreikning samstæðureiknings.]¹⁾

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Samandreginn ársreikningur

- Frumvarp:
- *116. gr. laganna fellur brott.*
- Lagt er til að 116. gr. laganna falli brott þar sem heimild er fyrir félög sem ekki fara fram úr vissum stærðarmörkum að skila inn samandregnum rekstrarreikningi þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því. Ekki hafa mörg félög skilað inn slíkum reikningum en eftirlitsaðilinn hefur reynt að meta þessar ástæður og oftast en ekki hafnað þeim. Örfélög, eða um 80% félaga á markaði, munu nú geta skilað inn rekstrar- og efnahagsyfirliti byggðum á skattframtali félaga. Þar sem þannig er búið að einfalda skil meirihluta félaga á Íslandi og vegna flókins mats á samkeppnisaðstæðum er lagt til að þessi grein falli brott.

Skilgreiningar

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Skilgreiningar

- Skilgreiningum er fjölgað og safnað saman á einn stað í lögnum:
 - *Ársverk*
 - *Fjáreign*
 - *Fjárfestingareign*
 - *Fjárfestingarfélag*
 - *Gangvirði*
 - *Mikilvægi*
 - *Rekstrarhæfi*
 - *Skekkjur*
 - *Tengdur aðili*
 - *Yfirráð*

Reikningsskilaaðferðir

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 16. gr. – Óefnislegar eignir
- Félög mega að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna telja til eignar óefnislegar eignir og skal þeirra þá getið í skýringum. Óheimilt er að eignfæra kostnað sem fallið hefur til vegna óefnislegrar eignar og gjaldfærður hefur verið á fyrri reikningsárum.
- Þegar félög hafa eignfært þróunarkostnað skv. 1. mgr. og þróunarkostnaðurinn hefur ekki verið afskrifaður að fullu, er óheimilt að úthluta hagnaði nema að fjárhæð annars eigin fjár sem er tiltækt til ráðstöfunar og yfirfærður hagnaður sé a.m.k. jafnhár kostnaðinum sem ekki er afskrifaður. Þann lið skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar eignfærðs þróunarkostnaðar. Einnig skal leysa upp liðinn ef eignin er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 18. gr. – Afföll og lántökukostnað
- **18. gr.** Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum **má** færa í efnahagsreikning og skulu þá færð til gjalda eða tekna með reglubundnum hætti á lánstímanum.
- *Frumvarp : Í stað orðsins „má“ í 18. gr. laganna kemur: skal.*
- **18. gr.** Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum **skal** færa í efnahagsreikning og skulu þá færð til gjalda eða tekna með reglubundnum hætti á lánstímanum

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Reikningskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 19. gr. – Eigin hlutir
- **19. gr.** Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti í hlutafélögum, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar, enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.
- *2. málsl. 19. gr. laganna fellur brott.*

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 24. gr. – afskriftir óefnislegra eigna.
- **24. gr.** Kostnaður, sem eignfærður er, sbr. 16. gr., vegna óefnislegra réttinda eða þróunar, skal afskrifaður með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.
- *2. málsl. 19. gr. laganna fellur brott.*
- **24. gr.** Kostnaður, sem eignfærður er, sbr. 16. gr., vegna óefnislegra **eigna** eða þróunar, skal afskrifaður með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, ~~þó ekki á lengri tíma en 20 árum~~. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.
- **Ef það er sérstökum vandkvæðum bundið að ákvarða nýtingartíma óefnislegrar eignar skal miða við að nýtingartími eignarinnar sé tíu ár og jafnframt skal í skýringum greina frá ástæðum fyrir vandkvæðum við að áætla nýtingartímamann.**

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 31. gr. – endurmat
- Heimilt er að færa varanlega rekstrarfjármuni og óefnislegar eignir á gangvirði. Séu varanlegir rekstrarfjármunir eða óefnislegar eignir endurmetnar, skv. 1. másl. þessarar greinar, **skal endurmat fara fram árlega**. Aðeins er heimilt að endurmeta óefnislegar eignir ef til staðar er virkur markaður fyrir viðkomandi eign.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 39. gr. – fjárfestingareignir
- **39. gr.** Félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingareignum, mega meta eignir og skuldbindingar, sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi, til gangvirðis. Með fjárfestingareign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félags
- Breyting á virði eigna og skuldbindinga, sem tengjast þeim, sbr. 2. og 3. mgr., skal færð á rekstrarreikning.
- *Breytist:*
- *Færa skal mótfærslu slíkrar matsbreytingar vegna fjárfestingaeigna á gangvirðisreikning meðal eigin fjár. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir verðbreytingunni eru ekki fyrir hendi.*

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Reikningskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 39. gr. – fjárfestingareignir
- *(um 26. gr. frumvarpsins):*
- *Meginreglan er sú að matsbreytingar færast á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár, sem ekki er heimilt að ráðstafa til eigenda félags, þ.e. greiða arð úr. Undantekningin frá þessari meginreglu er sú að matsbreytingar á veltufjáreignum færast beint í gegnum rekstur og þar með á óráðstafað eigið fé.*
- Sú lagabreyting sem heimilaði að færa fjármálagerninga til gangvirðis, fól í sér þá meginreglu að félag ráðstafi ekki hagnaði sem færast á eigið fé fyrr en tekjur vegna gangvirðisbreytingarinnar væru í hendi. Að öðrum kosti gæti félag hafa ráðstafað hagnaði vegna framtíðarvæntinga en þegar tekjur væru loks í hendi við innlausn eða sölu væru þær aðrar og lægri en voru í fyrri uppgjörum félagsins. Lagt er því til að ákvæði 39. gr. laganna þar sem heimilað er að færa fasteignir til gangvirðis verði breytt í samræmi við ákvæði 38. gr. þannig að andlag matsbreytinga skuli færast á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 39. gr. – fjárfestingareignir
- *(um 26. gr. frumvarpsins):*
- *Áhrif á arðgreiðslumöguleika fasteignafélaga sem eru skráð í Kauphöll?*



Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Reikningsskilaaðferðir

- Frumvarp:
- Breytingar á 41. gr. – hlutdeildaraðferð
- **41. gr.** Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélagsins. Hlutdeild þess í rekstrarárangri skal færa til tekna eða gjalda sem áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага í rekstrarreikningi. Hlutdeild í endurmatsbreytingum dóttur- eða hlutdeildarfélagsins skal færa á endurmatsreikning.
- *Breytist:*
- Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningum hjá dóttur- eða hlutdeildarfélagum skal færa á samsvarandi bundna eiginfjárreikninga félagsins.
- Nemi hlutdeild sem færð er í rekstrarreikningi hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, skal mismunurinn færður á bundinn hlutdeildarreikning á **meðal eigin fjár**. Sé hlutdeild félagsins í dóttur- eða hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikning upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap eftir atvikum.

Rafræn hlutaskrá

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Skýrsla stjórnar – rafræn hlutaskrá

- Frumvarp:
- Núgildandi ákvæði 6. og 7. másl. 3. mgr. 65. gr. laganna kveður á um að með skýrslu stjórnar skuli fylgja skrá yfir nöfn og kennitölur allra hluthafa í stafrófsröð ásamt upplýsingum um hlutafjareign hvers og eins og hundraðshluta hlutafjár í árslok.
- Þetta þykir kostnaðarsamt fyrir félögin að slíkur listi með skýrslu stjórnar og þarf því að vera prentaður með ársreikningi til framlagningar á aðalfundi félagsins. Fyrir stærstu félögin eru þetta tugir blaðsíðna.
- Gagnsæi er mikilvægt en spurningin er hvort hægt sé að ná sama markmiði með minni tilkostnaði .

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Skýrsla stjórnar – rafræn hlutaskrá

- Frumvarp:
- Æskilegt væri að rafræn hlutaskrá, þar sem á hverjum tíma eru réttar upplýsingar um hverjir séu eigendur félaga, væri til staðar. Þetta er sú þróun sem átt hefur sér stað á Norðurlöndum og hafa nú þegar verið settar á laggirnar eða eru í vinnslu. Þar til slík skrá lýtur dagsins ljós hér á landi, er lagt til að samsvarandi listi og birta á með skýrslu stjórnar í gildandi lögum verði skilað inn með ársreikningi til ársreikningaskrár

Viðurlög

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Viðurlög

- Frumvarp:
- *Ársreikningaskrá skal leggja stjórnvaldssektir á þau félög sem vanrækja skyldu samkvæmt lögum þessum til að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar innan þeirra fresta sem kveðið er á um í 109. gr.*
- Þegar frestur samkvæmt 109. gr. til skila á ársreikningi eða samstæðureikningi er liðinn eða þegar ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar hafi ekki verið fullnægjandi, skal ársreikningaskrá senda viðkomandi félagi bréf þar sem úrbóta er krafist og jafnframt er lögð stjórnvaldssekt á félagið að fjárhæð **600.000 kr.**
 - 1. mán. 90% afslátt
 - 2. mán. 60% afslátt
 - 3. mán. 40% afslátt
 - 8. mán. krafist skipta á búi

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

Viðurlög – sektir og fangelsi

- Frumvarp:
- Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:
- Meðal annars:
 - 10. tölul. 2. gr. ef félag er ranglega flokkað sem lítið eða örfélag.
 - 90. gr. um skyldu félags skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings síns.
 - 96. gr. um val á endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmönnum ársreikninga.
 - 102. gr. um endurskoðun og yfirferð ársreiknings.
 - 108. gr. um bann við því að endurskoðendur eða skoðunarmenn og samstarfsmenn þeirra veiti einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga Viðurlög – sektir og fangelsi

- Frumvarp:
- Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:
- Meðal annars:
 - 108. gr. a um skipun endurskoðunarnefndar við einingu tengdri almannahagsmunum.
 - 108. gr. d um skyldu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis til að gera endurskoðunarnefnd árlega grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina.

Framhald

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga

- Frumvarp:
- Veittur var frestur til að skila athugasemdum fyrir 30. september síðastliðinn.
- Frumvarpið hefur ekki verið lagt fram en samkvæmt heimasíðu ráðuneytissins er frumvarpið „lifandi“ skjal sem getur tekið breytingum þangað til ráðherra leggur það fram á Alþingi í haust.

- Aðrar breytingar sem framundan eru :
- ISA 701 – „Key audit matters“ - breytingar á áritun endurskoðenda fyrir skráð félög (e. listed entities) – hluti eininga tengdum almannahagsmunum. Gildir fyrir áritanir ársreikninga sem enda 15. desember 2016 og síðar.



Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 220.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.